



## VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

6. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 var haldinn mánudaginn 27. maí 2024 kl. 15:30 í Huppusalnum í Félagsheimili Hrunamanna.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Auk þeirra þau Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

### Dagskrá

**1. Kynning á skýrslunni „Forathugun virkjunar í vatnsveitu á Flúðum“.**

Á fundinn mættu Ásgeir Margeirsson (Unnarholt ehf) og Unnar Númi Almarsson (Verkís ehf) og kynntu helstu niðurstöður skýrslunnar.

*Nefndarmenn þakka góða yfirferð og greinargóða skýrslu og fela skýrsluhöfundum í samráði við veitustjóra að vinna frekari gögn í samræmi við umræður á fundinum.*

**2. Niðurstaða efnagreiningar á neysluvatnssýni úr Blákvísl.**

Efnagreiningin kom vel út og stenst vatn í Blákvísl gæðakröfur skv. reglugerð nr 536/2001.

*Nefndarmenn lýsa yfir ánægju með niðurstöðuna sem hefur verið send ÍSOR sem vinnur nú að rannsókn á gæðum Blákvíslar sem vatnsupptökusvæðis. Skýrslu frá þeim er að vænta fyrir 15. júní n.k.*

**3. Tilboð í dælur vegna veitna.**

Veitustjóri lagði fram tilboð frá Tengi vegna endurnýjunar á dælum vatnsveitu og hitaveitu en elstu dælur sem enn eru í notkun nálgast að vera um 40 ára. Umræddar dælur henta vel þar sem kostnaður við tengingu er minni en ef aðrar yrðu teknar.

*Nefndarmenn samþykkja tilboðið enda rúmast þessi endurnýjun innan gildandi fjárhagsáætlunar.*

*Bjarney Vignisdóttir*  
*Ævar Eyfjörð Sigurðsson*  
*Daði Geir Samúelsson*  
*Hannibal Kjartansson*  
*Gunnþór K. Guðfinnsson*  
*Aldís Hafsteinsdóttir*

#### 4. Kynning á helstu verkefnum sem í gangi eru:

- Yfirmaður eignasjóðs kynnti eftirfarandi verkefni sem í gangi eru:  
Gluggaskipti í Flúðaskóla munu hefjast í sumar og ljúka fyrir skólabyrjun.  
Framkvæmdir í íþróttahúsinu munu eiga sér stað í júlí.  
Endurbætur á skólalóðinni munu fara fram í sumar og þar með endurnýjun og fjölgun leiktækja.  
Búið er að panta leiktæki fyrir leiksvæði við enda Ásastígs.  
Framkvæmdir við kennsluganginn munu hefjast þegar skóla lýkur.  
Brúin yfir Hellisholtalækinn er í smíðum.  
Á næsta fundi munu liggja fyrir teikningar að endurnýjun gámasvæðisins.  
Rætt um umferðaröryggismál og umhverfisverkefni.
- Veitustjóri kynnti helstu verkefni sem unnið er að á sviði veitna.  
Unnið hefur verið að vatnsveituverkefnum í Auðsholti og í Skarði og þar með hefur verið komist fyrir leka.  
Framkvæmdir við fráveitu frá Akurgerði og að Hofatúni eru að hefjast.  
Loðmundartangi er forgangsverkefni og framkvæmdir þurfa að vera kröftugar enda verklok áætluð 1. ágúst.  
Unnið er að breytingum á skipulagi Birkihlíðar með það fyrir augum að til verði þriggja íbúða raðhús á lóðinni þar sem hreinsistöðin var áður.

#### 5. Röðulstangi.

Rætt um fyrirhugaða gatnagerð í Röðulstanga og mögulegar breytingar á deiliskipulagi. *Samþykkt að leggja til við sveitarstjórn að sveitarstjóra verði falið að láta vinna breytingar á gildandi deiliskipulagi og frumhönnun á gatnagerð og veitum.*

#### 6. Hrunalaug.

Lagt fram erindi frá eigendum Hrunalaugar þar sem óskað er eftir viðræðum um tengingu Hrunalaugar sem og búningsaðstöðu við Hitaveitu Flúða. Ennfremur er lögð fram ósk um möguleika á bundnu slitlagi frá Hrunakirkju og að Hrunalaug. Fyrir liggur að til þess að verða við erindinu þarf að svera lögnina að Hrunalaug. *Samþykkt að veitustjóra verði falið að reikna betur út væntan kostnað við verkið og kynna hann ásamt öðrum möguleikum til orkuöflunar fyrir eigendum Hrunalaugar. Varðandi bundna slitlagið samþykkir nefndin að leggja til við sveitarstjórn að orðið verði við erindinu að því tilskyldu að Vegagerðin sé tilbúin til að greiða kostnað við undirlag en kostnaður við yfirborðsfrágang myndi skiptast á milli landeigenda og sveitarfélagsins.*

SB  
EFS  
DGS  
Cuec  
LKA  
BZ  
A

7. Bréf frá RARIK dags. 21.5.2024.

Lögð fram afgreiðsla RARIK á tjónskrófu Hrunamannahrepps vegna meintra truflana í raforkukerfinu sem ullu skemmdum á stýribúnaði vatnsveitu. RARIK hafnar bótakröfunni.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:25.

Bjarney Vignisdóttir

Ævar E Stefnýsson

Kaþrín Haraldsdóttir

Doti Geir Samúelsson

Guundur L. Guðsson



Alfriður Halldórsson

Hannibál Guðmundsson